

G J A L D S K R Á

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. Lendingargjöld.

- 1.1. Lendingargjald skal miða við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.
- 1.2. Í millilandaflugi skal fyrir hverja lendingu greiða lendingargjald sem hér segir:
 - kr. 659.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.
 - 542.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.
 - 483.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.
 - 454.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. Stæðisgjöld.

- 2.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:
- 2.2. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m	kr. 240.00
12—18 —	— 480.00
18—24 —	— 705.00
24—30 —	— 950.00
yfir 30 —	— 1 050.00

3. Önnur ákvæði.

- 3.1. Heimilt er að fella niður gjöld sem hér segir:
 - 3.1.1. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum íslenska ríkisins og flugvélum sem það tekur á leigu.
 - 3.1.2. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
 - 3.1.3. Lendingargjöld af flugvélum í reynsluflugi að aflokinni viðgerð, enda sé viðkomandi flugvél í áætlunarflugi.
 - 3.1.4. Lendingar- og stæðisgjöld af björgunarflugvélum.
 - 3.1.5. Lendingargjöld af flugvélum, sem snúa við til flugvallarins vegna vélarbilunar eða slæmra veðurskilyrða, hafi ekki verið millilent á öðrum flugvelli.
 - 3.1.6. Heimilt er að veita 50% afslátt af stæðisgjöldum fyrir þann tíma, sem er umfram sjö sólarhringa.
 - 3.1.7. Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.
- 3.2. Lendingar- og stæðisgjöld skulu staðgreiddast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest, sé sérstaklega um það samið.

- 3.3. Framangreind lendingar- og stæðisgjöld skulu breytast í samræmi við gengisbreytingar krónunnar, þannig að gjöldin hækki eða lækki í hlutfalli við slíkar breytingar.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 24. ágúst 1973.

Utarríkisráðuneytið, 21. apríl 1975.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 39.84 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 19.04 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 5 171.00 á ári fyrir allt að 25 m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, kr. 97.00 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 49.00 á m² á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natríumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásun, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kilóvoltamperstundir í stað kilóvatistunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 8.65 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 890.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 19.04 hverja kWst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á kr. 9 430.00 hvert árs-kW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 3.40 hverja kWst. Minnsta aflgjald er kr. 47 150.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0,8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 6.60 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 8.85 hverja kWst.